



Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

**Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði varðandi lestrarkennsluaðferðir**

Á fundi borgarráðs, 1. október 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins í borgarráði fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Í ljósi versnandi árangurs barna í lestri sbr. Lesskimun 2017, 2018 og 2019 óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir upplýsingum um hvað margir skólar nota gagnreynda lestrarkennsluaðferð? Miklar áhyggjur eru af hríðversnandi árangri barna í lestri í grunnskólum Reykjavíkur. Deilt hefur verið um tvær aðferðir við lestrarkennslu síðustu árin. Önnur (Hljóðaaðferðin) er rótgróin aðferð, byggð á sannreyndum gögnum. Hin (Byrjendalæsi) á rætur að rekja til ársins 2004 og hefur árangur hennar verið dregin í efa af ýmsum sérfræðingum Menntamálastofnunar. Engar ritrýndar, óháðar rannsóknir eru á bak við aðferðina. Skólastjórnendum er í sjálfsvald sett hvaða aðferð er notuð við kennsluna. Árið 2017 notuðu helmingur skóla Byrjendalæsi. Fulltrúi Flokks fólksins fýsir að vita hver staðan er nú. Reykjavíkurborg á ekki til gögn sem sýna samanburð á milli lespróunar barna í skólum eftir námsaðferð. Nú liggur fyrir að ekki hefur tekist að kenna 33-39% barna að lesa sér til gagns eftir 2. bekk á tímabilinu 2002 til 2019, (67% gátu lesið sér til gagns 2002 og 61% árið 2019).*

**Svar:**

Allir grunnskólar Reykjavíkurborgar eru að nota gagnreyndar lestrarkennsluaðferðir. Allir skólar nota hljóðaaðferð sem hluta af lestrarkennslu. Flestir nota aðrar lestrarkennsluaðferðir samhliða hljóðaaðferð. Einhverjir skólar nota Byrjendalæsi. Byrjendalæsi inniheldur einnig hljóðaaðferðina. Fjöldi skóla í Byrjendalæsi sveiflast eftir árum einkum vegna þess að stjórnendur senda ekki alltaf nýja kennara í þjálfun heldur treysta á að þeir sem fyrir eru taki að sér þjálfunina. Aðrar aðferðir sem margir skólar eru að nota og sýna mikla fylgni við árangur eru Direct instruction, PALS, Læsis fimman o.fl. Þetta er ekki spurning um annað hvort hljóðaaðferð eða aðra aðferð heldur byggir læsina á fjölbreyttum aðferðum og markvissri kennslu. Grunnurinn að öllu lestrarnámi er hljóðaaðferðin og hentar hún meirihluta nemenda.

Haft var samband við stjórnendur Menntamálastofnunar með fyrirspurn um gagnrýni á Byrjendalæsi sem fulltrúi Flokks fólksins bendir á í fyrirspurn sinni. Í svörum deildarstjóra

matssviðs Menntamálastofnunar, Sverris Óskarssonar, kemur fram að sérfræðingar Menntamálastofnunar kannist ekki við að hafa gagnrýnt aðferðina heldur einungis spurt um hvort gerðar hafi verið athuganir á henni.

Upplýsingar frá Háskólanum á Akureyri: Byrjendalæsi er ekki heildaraðferð (Whole language reading). Byrjendalæsi er samvirk lestrarkennsluaðferð. Samvirk aðferð fellur mitt á milli eindar- og heildaraðferða og skapar jafnvægi þar á milli. Aðferðin tekur það besta frá andstæðum pólum eindar og heildar. Í samvirka læsislíkaninu er gengið út frá því að lestur byggist jafnt á umskráningu bókstafa og orða sem og á mál- og bakgrunnsþekkingu. Í stuttu máli þá er það tungumálið sem fléttast inn í lestrarnámið þar sem jöfn áhersla er á ritmál, merkingu og innihald. Lesarinn styðst þannig jöfnum höndum við þekkingu á orðaforða, hvernig orðin eru skrifuð, merkingu orðanna og setningarfræði (Rósa Eggertsdóttir, 2019, bls. 23; Rúnar Sigþórsson og Halldóra Haraldsdóttir, 2017, bls. 31 – 31).

Samvirkar lestrarkennsluaðferðir byggja á fjölda gagnreyndra lesskilnings- og lestrarkennsluaðferða. Ein þeirra aðferða sem heitir gagnvirkur lestur hefur mikið verið rannsökuð og er notuð á Norðurlöndum.